

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Kvískerjasjóð.

1. gr.

Kvískerjasjóður er stofnaður af umhverfisráðuneytinu, kt. 571189-1519, 15. janúar 2003 til heiðurs Kvískerjabræðrum, þeim Flosa Björnssyni, Hálfadáni Björnssyni, Helga Björnssyni og Sigurði Björnssyni fyrir framlag þeirra til öflunar þekkingar og rannsókna á náttúru og sögu Austur-Skaftafellssýslu. Varsla og dagleg umsýsla sjóðsins heyrir undir umhverfisráðuneytið. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum rekstur.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúru- og menningarminjum í Austur-Skaftafellssýslu. Markmiðum sjóðsins skal ná með veitingu rannsóknastyrkja til stofnana og einstaklinga til rannsókna á náttúrufari Austur Skaftafellssýslu.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn og skal einn þeirra skipaður formaður sjóðsins. Menntamálaráðherra tilnefnir einn stjórnarmann, en hinir eru skipaðir án tilnefningar. Stjórnin skipar sér gjaldkera og ritara. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til endurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala sem sjóðnum berast.

Stjórnin skal veita sjóðnum forstöðu og ber ábyrgð á fjárvörslu hans. Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilgreinilega þær ákvarðanir er teknar eru.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins eru 25 milljónir króna sem greiðist af umhverfisráðuneytinu við stofnun sjóðsins svo og frekari fjárveitingar sem kunna að verða ákveðnar á fjárlögum til Kvískerjasjóðs. Af stofnfé sjóðsins er óskerðanlegt stofnfé ein milljón króna.

Sjóðnum er heimilt að taka við gjöfum og fjárframlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og eða öðrum sem veita vilja markmiðum hans brautargengi.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórnin senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið varið.

5. gr.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt ákvörðun stjórnar í fyrsta sinn árið 2004. Á hverju ári er stjórninni heimilt að veita allt að 10% af uppreiknuðum höfuðstól sjóðsins í árslok undangengings almanaksárs, þó ekki af óskerðanlegu stofnfé sbr. 4. gr., til sérstakra verkefna á sviði náttúru- og menningarminja í Austur-Skaftafellssýslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

6. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á skipulagsskrá sjóðsins ef þjóðfélagshættir og aðstæður hafa breyst svo mjög frá því að skipulagsskráin var staðfest að markmiðum hennar verður ekki náð að öðrum kosti, en eingöngu í samráði við stofnanda sjóðsins. Slíkar breytingar skal eingöngu gera að allir stjórnarmenn séu sammála þeim. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðunar á öllum breytingum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.